

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 674/2019, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2019/2020 (skiptimarkaður).

1. gr.

Á eftir 5. mgr. 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:  
Óheimilt er að framselja aflaheimildir í makríl sem keyptar eru á skiptimarkaði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. apríl 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*